

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 2006 í máli nr. E-2719/2005:

Pétur Kristinn Pétursson

(Ívar Pálsson hdl.)

gegn

Ístaki hf

Sjóvá-Almennunum tryggingar hf

(Kristín Edwald hdl.)

d ó m u r :

I

Mál þetta, var dómtekið hinn 21. september sl., að loknum munnlegum málflutningi. Það var áður flutt hinn 18. júní og dómtekið þann dag en málið var endurupptekið og flutt að nýju hinn 21. september sl. Málið var höfðað fyrir dómþinginu af Pétri Kristni Péturssyni, Austurbraut 8, Keflavík á hendur stefnda, Ístaki hf., Engjateigi 7, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Engjateigi 7, Reykjavík, til réttargæslu, með stefnu áritaðri um birtingu hinn 5. apríl 2005.

Endanlegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefnda yrði gert að greiða stefnanda 6.000.899 krónur, auk 4,5% ársvaxta af 969.000 krónum frá 2. apríl 2002 til 2. ágúst 2002 en af allri fjárhæðinni, 6.000.899 krónum, frá þeim degi til 1. október 2004 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þá krafðist stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda og tildæmdur málskostnaður tæki mið af því að stefnandi sé eigi virðisaukaskattskyldur.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi yrði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað. Til vara krafðist stefndi þess, að dómkröfur stefnanda yrðu lækkaðar verulega og málskostnaður yrði felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda voru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur gerðar á hendur félaginu.

II

Stefnandi er rafvirki og starfaði hjá fyrirtækinu Raftak ehf. þegar hann lenti í vinnuslysi hinn 2. apríl 2002 í byggingu 672 á Keflavíkurflugvelli. Hinn 1. apríl 2002 var stefnandi ásamt samstarfsmanni sínum, Guðmundi Rúnari Jónssyni, að draga raflagnir í rör í byggingu 672 á Keflavíkurflugvelli og notuðu þeir sérstaka ídráttarfjöður við verkið. Rafberg ehf. var undirverktaki hins stefnda félags við þessar byggingaframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Rafberg ehf. mun hafa haft stefnanda að láni frá fyrirtækinu Raftaki ehf. þegar slysið varð.

Slysið vildi þannig til að stefnandi var ásamt vinnufélaga sínum að draga rafmagnsleiðslur í bygginguna. Til verksins notuðu þeir þar til gerða fjöður, sem fest var á enda rafmagnsleiðslna, til að draga leiðslurnar um plaströr í veggjum byggingarinnar. Daginn fyrir slysið höfðu stefnandi og vinnufélagi hans lokið við að draga rafmagn í eldhús byggingarinnar. Hugðust þeir halda áfram þar sem frá var horfið daginn eftir. Hafi þeir því skilið fjöðrina eftir, fasta í enda rafmagnsleiðslu, í einni af rafmagnsdósum byggingarinnar. Þegar þeir sneru aftur til starfa daginn eftir hafði 26 gipsplötum verið staflað upp við rafmagnsdósina sem fjöðrin var í. Gipsplöturnar voru reistar af starfsmönnum stefnda, og að sögn stefnanda, þversum upp á rönd við vegginn þannig að þær hafi hvílt á tveimur spýtum sem höfðu einnig verið reistar upp við vegginn. Gipsplöturnar voru 120 cm á breidd og 220 cm á lengd. Rafmagnsdósinn sem fjöðrin var í er í 120 cm hæð frá gólfi. Stefnandi heldur því fram, að plöturnar hafi náð upp á miðja dósina og lokað henni að hluta, en stefndi mótmælir því sem ósönnuðu. Þá mótmælir stefndi því jafnframt sem ósönnuðu að plöturnar hafi hvílt á tveimur spýtum upp við vegginn. Stefnandi kveður, að vegna þessa og annars byggingarefnis, sem var í herberginu, hafi hann og félagi hans ákveðið að taka fjöðrina úr rafmagnsdósinni og halda áfram að draga rafmagn í bygginguna á öðrum stað. Þegar stefnandi hugðist losa fjöðrina úr rafmagnsdósinni hafi gipsplötustafllinn, samtals um 600 kg, fallið á hann. Við það slasaðist stefnandi nokkuð.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, sbr. tilkynningu, dags. 15. apríl 2002, en hvorki rannsakað af Vinnueftirlitinu né lögreglu.

Umræddar gipsplötur voru í eigu stefnda, Ístaks hf., sem hafði ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., á slysdegi. Voru það starfsmenn stefnda, af pólsku bergi brotnir, sem stöfluðu gipsplötunum.

Með bréfi, dagsettu 12. nóvember 2003, krafðist stefnandi þess, að réttargæslustefndi viðurkenndi bótaábyrgð á slysinu, enda telur stefnandi að slysið megi rekja til gáleysis starfsmanna stefnda.

Með tölvubréfi, dagsettu 15. janúar 2004, hafnaði réttargæslustefndi bótaskyldu að svo stöddu.

Ágreiningi aðila var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna. Komst tjónanefndin að þeirri niðurstöðu að tjónið væri ekki bótaskyld.

Stefnandi leitaði eftir úrskurði Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og lá úrskurður nefndarinnar fyrir hinn 25. mars 2004. Niðurstaða nefndarinnar er að stefnandi eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda hjá réttargæslustefnda.

Hinn 5. apríl 2004 tilkynnti réttargæslustefndi með tölvubréfi, að hann hafnaði því að hlíta álitni nefndarinnar í máli stefnanda.

Hinn 23. júní 2004 óskaði lögmaður stefnanda eftir því við Sigurjón Sigurðsson lækni að hann mæti tímabundið og varanlegt líkamstjón stefnanda vegna slyssins. Skilaði Sigurjón matsgerð sinni hinn 16. ágúst 2004. Niðurstöður hans voru þær að tímabundin óvinnufærni stefnanda vegna slyssins teldist 100% í tvær vikur en þjáningatímabil 3 mánuðir, þar af væri engin rúmlega. Stöðugleikapunktur var ákvarðaður 2. júlí 2002. Sigurjón mat varanlegan miska stefnanda vegna slyssins 15% og varanlega örorku einnig 15%.

Hinn 11. október 2005 voru dómkvaddir matsmenn til þess að meta örorku stefnanda. Er matsgerð þeirra dagsett 26. janúar 2006 og er niðurstaða hennar sú, að varanleg örorka stefnanda sé 12%, varanlegur miski hans 15%, engin tímabundin örorka og þjáningabótatímabil sé í fjóra mánuði frá slysdegi, er matsmenn ákvörðuðu stöðugleikatímabilpunkt.

III

Stefnandi byggir bótaskyldu stefnda á því, að réttargæslustefndi hafi fyrir sína hönd og stefnda viðurkennt bótaskyldu á slysi stefnanda. Réttargæslustefndi hafi neitað bótaskyldu að svo stöddu í tölvubréfi hinn 15. janúar 2004, en í bréfinu segi m.a.: „Með vísan til alls þessa verður ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka að svo stöddu, en verði ekki fallist á afstöðu félagsins má skjóta henni til Tjónanefndar váttryggingafélaganna og síðan eftir atvikum til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.“

Stefnandi féllst ekki á niðurstöðu réttargæslustefnda og fór því að hans ráðum og skaut niðurstöðunni til Tjónanefndar og síðar Úrskurðarnefndar. Kveðst stefnandi hafa staðið í þeirri trú að neitun réttargæslustefnda á bótaskyldu „að svo stöddu“ þýddi að neitunin stæði þar til sýnt væri fram á aðra niðurstöðu með þeim leiðum sem réttargæslustefndi sjálfur benti á. Með úrskurði Úrskurðarnefndarinnar, dagsettum 25. mars 2004, hafi verið fallist á bótaskyldu stefnda og réttargæslustefnda.

Stefnandi byggir á því að stefndi og réttargæslustefndi séu bundnir við yfirlýsingu réttargæslustefnda um neitun á bótaskyldu að svo stöddu, þar til sýnt yrði fram á bótaskyldu fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna eða Úrskurðarnefnd

í váttryggingamállum. Í því sambandi bendir stefnandi á að verði stefndi og réttargæslustefndi ekki taldir bundnir af yfirlýsingu réttargæslustefnda sé málsmeðferð fyrir Tjónanefnd, og í kjölfarið Úrskurðarnefnd, algjörlega tilgangslaus og vandséð hvaða tilgangi þjóni að tryggingafélög bendi á þá málsmeðferð. Tryggingafélag sem neitar bótaskyldu að svo stöddu og bendir á nefndirnar verði einfaldlega að hlíta niðurstöðum þeirra.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfu sína á sakarreglu skaðabótaréttar og ströngum bótareglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á vinnutækjum, aðstæðum og verkstjórn á vinnustað. Stefndi beri skaðabótaábyrgð á vinnubrögðum starfsmanna sinna samkvæmt ólögfestri reglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Eigi reglur þessar sér ótal fordæmi í dómum Hæstaréttar. Gipsplötunum, 26 að tölu, hafi verið staflað upp við tvær spýtur, sem reistar hafi verið að vegg byggingarinnar. Plöturnar hafi vegið samtals um 600 kg og þeim verið raðað upp að rafmagnsdósinni sem stefnandi og félagi hans voru að vinna við. Þegar stefnandi tók litla rafmagnsfjöður úr dósinni hafi öll stæðan fallið ofan á hann. Gera verður þá kröfu til starfsmanna á byggingarstað að þeir gangi með forsvaranlegum hætti frá byggingarefnum, sérstaklega þegar starfsmenn annarra fyrirtækja séu við vinnu á sama stað. Almenn skylda til vandaðra vinnubragða, sem ekki skapi slyshættu, sé áréttuð í 13. gr., sbr. a. lið 38. gr. og 42. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Framangreindar reglur laganna séu nánar útfærðar í fjölmörgum reglugerðum. Þar sé m.a. að finna ítarlegar háttænisreglur um framkvæmd vinnu á byggingarstöðum. Í reglugerðunum sé auk þess að finna nákvæmar háttænisreglur um það þegar hlutum og byggingarefnum sé staflað upp á byggingarsvæðum.

Í 7. gr. reglugerðar nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, segi: „Þegar byrðum er staflað skal séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni, með góðri líkamsbeitingu og án hættu á að staflinn falli.“

Í 2. ml. greinar 1.1. í A. hluta IV. viðauka reglugerðar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum, og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996 segi: „Ekki má safna eða hlaða efni þannig á byggingarsvæði, að það geti orsakað hættu eða tálmað nauðsynlegri umferð.“

Í gr. 2.1. í A. hluta sama viðauka segi: „Efni, búnaður og almennt hvers kyns hlutir á hreyfingu er geta haft áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna skulu vera þannig úr garði gerðir að stöðugleiki þeirra sé tryggur.“

Í gr. 14.2. í B. hluta sama viðauka segi: „Efni og búnaði skal komið fyrir og staflað upp þannig að ekki sé hætta á að hann velti eða falli á hlið.“

Samkvæmt framansögðu sé ljóst, að þegar byggingarefni sé staflað á vinnustað skuli þess sérstaklega gætt að staflinn sé stöðugur og ekki hætta á að hann velti eða falli. Einnig skuli þess gætt að staflinn tálmi ekki nauðsynlegri umferð. Um sé að ræða skráðar háttænisreglur í settum lögum.

Gera verður ráð fyrir að stæða af 26 gipsplötum, sem eru 1,20 x 2,20 m að stærð, haggist ekki við svo litla hreyfingu, sem felst í að draga rafmagnsfjöður úr rafmagnsdós, nema frágangi stæðunnar sé verulega ábótavant. Rafmagnsfjöður er

lítillfjörlegt verkfæri, þ.e. nokkurra cm langur sveigjanlegur gormur, um 1-2 cm í þvermál. Verði að telja að óforsvaranlegur frágangur á gipsplötunum hafi valdið því hve auðveldlega staflinn hrundi. Hér sé því um brot á framangreindum skráðum réttarreglum að ræða.

Staðfest sé í lögregluskýrslu yfir vitni að slysinu, að plöturnar hafi verið reistar við planku upp við vegginn þannig að mjög tæpt hafi verið að öll stæðan dytti frá veggnum. Mjög auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slysið, t.d. með því að stafla plötunum upp á gólfinu en reisa þær ekki við vegginn. Einnig verði að telja með öllu óverjandi að láta svo þungan stafla hvíla á tveimur spýtum við vegginn. Mun stöðugra hefði verið að láta plöturnar hvíla beint á veggnum.

Þá virðist stefndi hvorki hafa haft nægilega verkstjórn né eftirlit með því hvernig gipsplötunum var raðað. Ekkert liggir fyrir um að þess hafi verið gætt að kanna hvort frá stæðunni hafi verið gengið með forsvaranlegum hætti þegar búið var að koma henni fyrir.

Samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð sé ekki nauðsynlegt að sýna fram á hvaða starfsmaður vinnuveitanda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Nægi að sýna fram á að tjón verði rakið til sakar einhvers eða einhverra starfsmanna vinnuveitanda. Fyrir liggur að gipsplöturnar voru í eigu stefnda og að það voru starfsmenn hans sem gengu frá þeim með fyrrgreindum hætti. Á þeirri háttsemi starfsmanna sinna ber stefndi ábyrgð sem vinnuveitandi þeirra.

Nauðsynlegt hafi verið fyrir stefnanda og samstarfsmann hans að fjarlægja rafmagnsfjöðrina, svo þeir gætu haldið áfram störfum sínum annars staðar í byggingunni. Lögregluskýrslum, sem teknar hafi verið af stefnanda og vinnufélaga hans, sem var vitni að slysinu, sem og tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, komi saman um tildrög slyssins, þ.e. að plöturnar hafi fallið við það eitt að stefnandi dró fjöðrina úr dósinni, og sannað er að stefnandi snerti ekki plöturnar. Það breytti þó engu um sakarmat eða ábyrgð stefnda þó sýnt væri fram á að stefnandi hefði komið við stæðuna. Í því sambandi megi benda á að starfsmenn stefnda hafi mátt sjá að verið var að vinna við rafmagnsdósina, þar sem rafmagnsfjöðrin hékk úr henni. Þeim mun meiri aðgæsluskylda hvíldi á þeim að stafla plötunum á öðrum stað eða tryggja a.m.k. að staflinn væri stöðugur og traustur.

Öll vafaatriði um sönnun í málinu verði að skýra stefnanda í hag samkvæmt almennum sönnunarreglum. Stefndi tilkynnti slysið til Vinnueftirlits ríkisins, en hlutaðist ekki til um rannsókn þess, hvorki af hálfu Vinnueftirlits né lögreglu. Ber stefndi því allan halla af sönnunarskorti um málsatvik.

Um útreikning skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda fari að skaðabótalögum nr. 50/1993 eins og þau voru í gildi á slysdegi. Til grundvallar bótaútreikningi liggja örorkumat dómkvaddra matsmanna, dagsett 26. janúar 2006. Samkvæmt því sundurliðist krafa stefnanda þannig:

1. Þjáningabætur 118.800 kr.
2. Varanlegur miski 15% 850.200 kr.
3. Varanleg örorka 12% 5.031.899 kr.

SAMTALS

6.000.899 kr.

Stefnandi kveðst hafa verið veikur í skilningi 3. gr. skaðabótalaga í fjóra mánuði frá slysdegi, eða samtals í 120 daga, vegna afleiðinga slyssins. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. skaðabótalaga, sbr. 1. mgr. 15. gr., nemi þjáningabætur vegna hvers dags sem stefnandi var veikur 990 krónum, miðað við lánskjaravísitölu í október 2004. Krafa vegna þjáningabóta nemi því $990 \text{ kr.} \times 120 = 118.800$ krónum.

Varanlegur miski stefnanda sé 15%. Fjárhæðin sé reiknuð samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 15. gr. skaðabótalaga, samkvæmt lánskjaravísitölu í október 2004. Krafa vegna varanlegs miska nemi því $5.668.000 \text{ kr.} \times 15\% = 850.200$ krónum.

Varanleg örorka stefnanda sé metin 12%. Tvö af síðustu þremur almanaksárum fyrir slysið, þ.e. 1999 og 2000, hafi stefndi verið í námi í flugvirkjun í Bandaríkum Norður Ameríku. Hann hafi komið heim úr því námi vorið 2000. Hvorki sé því rökrétt né sanngjarnt að miða útreikning bóta fyrir varanlegra örorku við tekjur þessara ára. Með vísan til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga miði stefnandi því eingöngu við tekjur síðasta almanaksárið fyrir slysið, þ.e. árið 2001. Tekjurnar séu leiðréttar samkvæmt launavísitölu til stöðuleikapunkts í ágúst 2002 :

Ár	Tekjur	Vísitala	Heildartekjur
2001	3.482.774 kr.	$226,7 / 224,6 = 1,00935$	3.515.338 kr.

Stefnandi var 28 ára og 322 daga gamall þegar heilsufar hans var orðið stöðugt, hinn 2. ágúst 2002. Stuðull samkvæmt 6. gr. skaðabótalaga reiknist því þannig:

$$13,750 \text{ (stuðull f. 28 ára)} - 13,474 \text{ (stuðull f. 29 ára)} = 0,276$$

$$-0,276 \times 322/365 = 0,243$$

$$13,750 - 0,243 = 13,507$$

Bætur vegna varanlegrar örorku reiknist því: $3.515.338 \text{ kr.} \times 13,507 \times 12\% = 5.697.800$ krónur. Til frádráttar samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga komi eingreiðsla örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð 665.901 króna. Bætur vegna varanlegrar örorku nemi því: 5.031.899 krónum.

Vaxtakröfu sína byggir stefnandi á 16. gr. skaðabótalaga og 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vaxta sé krafist af bótum fyrir þjáningar og varanlegan miska, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga, frá 2. apríl 2002 til 2. ágúst 2002, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til 1. október 2004. Dráttarvaxta sé krafist frá 1. október 2004, þ.e. mánuði eftir að réttargæslustefnda barst örorkumat Sigurjóns Sigurðssonar, til greiðsludags, samkvæmt 4. mgr. 5. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 129. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé því nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskattsins við ákvörðun málskostnaðar.

IV

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndi á því, að hann beri ekki ábyrgð á tjóni stefnanda þar sem ósannað sé að slysið verði rakið til atvika sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Af gögnum málsins megi ráða að orsök tjóns stefnanda hafi verið óaðgæsla hans sjálfs við framkvæmd verksins og/eða óhappatilviljun.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að réttargæslustefndi hafi ekki viðurkennt að stefndi bæri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda í tölvubréfi til lögmanns stefnanda, dagsettu 15. janúar 2004. Tölvubréf þetta sé með engu móti hægt að túlka þannig. Í tölvubréfinu felist aðeins ábending um að unnt sé að skjóta ágreiningi aðila til tjónanefndar váttryggingafélaganna og, eftir atvikum, til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, en alls ekki yfirlýsing um að stefndi eða réttargæslustefndi hafi skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðum þessara nefnda. Orðalag í tölvubréfinu þess efnis að bótum sé synjað „að svo stöddu“ feli aðeins í sér að mögulegt sé að réttargæslustefndi endurskoði afstöðu sína síðar, en enga skuldbindingu í þá veru.

Stefndi byggir og á því að hann beri ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda, enda sé ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna stefnda, óforsvaranlegs frágangs byggingarefnis, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Stefnandi byggir á því að ósannað sé með öllu að umræddum milliveggjaplötum hafi verið staflað upp á óforsvaranlegan og/eða óvenjulegan hátt. Þvert á móti byggir stefndi á því að uppröðun þeirra hafi verið forsvaranleg og að ekki hafi átt að skapast hætta á að plöturnar yltu eða féllu á hlið við venjulega og eðlilega umgengni um þær. Ekki hafi á nokkurn hátt verið brotið í bága við varúðar- eða háttarnisreglur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglur sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum. Er mótmælt fullyrðingum stefnanda um að uppröðun plátnanna hafi ekki verið unnin undir nægilegri verkstjórn og eftirliti.

Stefndi byggir á því að óvarlegar athafnir stefnanda sjálfs hafi leitt til þess að plöturnar féllu niður. Stefnandi hafi hreyft við plötunum með einhverjum óforsvaranlegum hætti þegar hann dró ídráttarfjöðrina úr dósinni sem valdið hafi falli plátnanna. Stefnandi byggir á því að 600 kg stæða af 26 milliveggjaplötum sem halli upp við vegg sé eðli málsins samkvæmt mjög stöðug og að umtalsvert átak þurfi til að bifa henni, hvað þá til að láta hana falla til jarðar. Byggir stefndi á því

að slík stæða sé stöðug jafnvel þó að halli hennar upp að vegg sé ekki mikill. Þannig sé mótmælt fullyrðingum stefnanda um að stæðan hafi fallið auðveldlega til jarðar. Þá tekur stefndi fram að ef talið verði að stæðan hafi hvílt á tveimur spýtum sé því mótmælt sem stefnandi haldi fram að sú staðreynd hafi breytt nokkru um stöðugleika hennar og valdið því að hún væri óstöðugri en ef hún hefði hvílt á veggnum sjálfum.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki viðhaft þá aðgæslu sem ætlast mátti til af honum umrætt sinn. Stefnandi sé faglærður iðnaðarmaður með allnokkra reynslu að baki. Þegar honum hafi verið ljóst að hreyfa þyrfti við stæðunni með einhverjum hætti hafi honum borið, í ljósi þekkingar sinnar og reynslu, að viðhafa aðferðir sem ekki sköpuðu hættu á að tjón yrði, t.d. að láta vera að reyna að ná í fjöðrina og nota aðra í staðinn, enda var ætlun þeirra félaga, vegna aðstæðna, að draga rafmagn í byggingunni á öðrum stað. Fullyrðingum stefnanda um að honum hafi verið nauðsynlegt að fjarlægja þessa tilteknu fjöður er í ljósi ofangreinds mótmælt sem röngum.

Stefndi byggir loks á því að á honum hafi ekki hvílt skylda á grundvelli ákvæða í XII. kafla laga nr. 46/1980 eða reglna nr. 612/1989 um tilkynningu vinnuslysa að tilkynna vinnuslys stefnanda til Vinnueftirlitsins eða lögreglu eða hlutast til um rannsókn á því. Slík skylda hafi hvílt á vinnuveitanda stefnanda. Tilkynning stefnda til Vinnueftirlitsins hafi verið umfram lagaskyldu og gripið til hennar þegar ljóst var að vinnuveitandi stefnanda hefði ekki hlutast til um að tilkynna slysið. Með vísan til þessa mótmælir stefndi því að öll vafaatriði um sönnun í málinu verði skýrð stefnanda í hag. Þvert á móti telur stefndi að almennar reglur skaðabótaréttarins, þess efnis að tjónþoli beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt, eigi við í máli þessu.

Varakröfu um lækkun bóta byggir stefndi á því, að lækka beri bætur til handa stefnanda vegna eigin sakar hans, eins og atvikum hafi verið háttáð.

Stefndi byggir á því að þjáningatímabil stefnanda, sbr. 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sé ekki lengra en tvær vikur. Samkvæmt matsgerð Sigurjóns Sigurðssonar læknis hafi stefnandi verið 100% óvinnufær í tvær vikur vegna slyssins, en ekki yfir lengra tímabil. Dómafordæmi séu ótvíræð um að tjónþoli geti ekki verið veikur í skilningi 3. gr. skaðabótalaga meðan hann sé vinnufær.

Stefndi mótmælir dráttarvöxtum frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Í öllu falli geti dráttarvextir ekki fallið á kröfu stefnanda á fyrra tímamarki en þegar mánuður var liðinn frá birtingu stefnu í málinu, þ.e. 5. maí 2005. Þá fyrst hafi lögmaður stefnanda látið réttargæslustefnda í té tölulega kröfugerð vegna líkamstjóns stefnanda og hafi þannig ekki fyrir þann tíma fullnægt áskilnaði 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Loks krefst stefndi þess að draga skuli frá skaðabótum greiðslur sem stefnandi kann að hafa fengið frá þriðja manni vegna óhappsins, að öðru leyti en því sem hann hefur þegar tilgreint, sbr. 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 4. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga. Er skorað á stefnanda að upplýsa um þessar greiðslur og fjárhæð þeirra, sé þeim fyrir að fara.

Um lagarök vísar stefndi til skaðabótalaga, nr. 50/1993, almennra reglna skaðabótaréttar, laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Stefnandi varð fyrir slysi við vinnu sína í húsi á Keflavíkurflugvelli, sem stefndi var að byggja.

Byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að stefndi hafi fallist á bótaskyldu með bréfi, réttargæslustefndi hinn 15. janúar 2004, þar sem hann neitað bótaskyldu að svo stöddu, en vísaði stefnanda á Tjónanefnd váttryggingafélaganna og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Verður fallist á það með stefnda að þar sé ekki verið að lýsa yfir að unað verði úrskurðum annarrar þessara nefndar og gefa um það bindandi yfirlýsingu. Bótaábyrgð stefnda verður því ekki á því byggð.

Slasaðist stefnandi við það að gipsplötustafli, samtals 600 kg, féll á hann þegar hann var að taka fjöður úr rafmagnsdós. Hafði stefnandi, sem var að vinna við að draga rafmagn í húsið, skilið eftir fjöðrina í dósinni er hann fór frá vinnu daginn áður. Hugðist hann halda áfram þar sem frá var horfið, en er hann kom að hafði gipsplötunum verið staflað upp við vegginn hjá rafmagnsdósinni, sem fjöðrin var í. Engin vitni voru að slysi stefnanda. Samverkamaður stefnanda var þar með stefnanda er slysið varð, en sá ekki atburði. Fyrir liggur að starfsmenn stefnda reistu umræddar gipsplötur upp við vegginn og að rafmagnsdósinni. Samverkamaður stefnanda bar við aðalmeðferð sem og fyrir lögreglu 23. október 2003, að planki hafi verið bak við gipsplöturnar og plöturnar reistar upp við vegginn þannig að mjög tæpt hafi verið að þær dyttu. Verkstjórar hjá stefnda gáfu og skýrslu við aðalmeðferð málsins. Gátu þeir hvorugir staðfest hvor þeirra hefði haft umsjón með því verki að stafla plötunum upp við vegginn, en kváðu báðir að það hefði verið gert á hefðbundinn hátt af verkamönnum stefnda.

Gera má ráð fyrir að stæða af gipsplötum þeirrar stærðar sem um ræðir, haggist ekki sé þess gætt að raða plötunum með forsvaranlegum hætti. Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð byggðri á þeim lögum, er sú regla áréttuð að almennt skuli viðhafa vönduð vinnubrögð sem ekki skapi slyshættu og að ekki megi safna eða hlaða efni þannig á byggingarsvæði að það geti orsakað hættu eða tálmað nauðsynlegri umferð.

Eins og að framan greinir var slysið ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en nokkrum dögum síðar eða 15. apríl 2002. Hins vegar slysið hvorki rannsakað af Vinnueftirlitinu né lögreglu. Þó svo tilkynningarskylda hvíli á atvinnurekanda

starfsmanns hefði stefndi haft tök á að kanna aðstæður betur, en takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir frá stefnda og verkstjórum hans. Verkstjórar stefnda gátu ekki borið um hvort eða hvernig hefði verið gengið frá stæðunni, sem hefði þó verið enn ríkari ástæða til þar sem ýmsir starfsmenn og verktakar voru að vinna í sömu byggingu við mismunandi verkþætti. Verður að ætla að svo þung stæða ætti ekki að geta haggast þó við hana sé komið. Þegar það er virt verður að telja að starfsmenn stefnda hafi bakað honum bótaskyldu með því að raða ekki plötunum með þeim hætti að ekki stafaði hættu af fyrir aðra starfsmenn sem unnu á svæðinu og stefnanda verði með engum hætti kennt um hvernig fór. Ber því að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda bætur vegna tjóns hans. Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu að öðru leyti en því, að stefndi hafnar kröfu stefnanda um þjáningarbætur og mótmælir upphafsdegi dráttarvaxta.

Óumdeilt er að stefnandi var ekki frá vinnu vegna slyssin. Hann krefst engu að síður þjáningabóta samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga í fjóra mánuði frá slysdegi. Stefndi á einungis rétt til þjáningabóta fyrir það tímabil sem hann telst veikur í skilningi áðurgreindrar lagagreinar. Það skilyrði var ekki fyrir hendi það sem stefnandi var ekki frá vinnu. Á hann því ekki kröfu á þjáningabótum.

Stefnandi á rétt á dráttarvöxtum mánuði frá þeim degi er stefnda gerð grein fyrir kröfunni og gat þar með gert sér grein fyrir henni, tölulega, sbr. 9.gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt gögnum málsins var það ekki fyrr en við þingfestingu málsins að stefndi hafði undir höndum öll þau gögn og verða dráttarvextir því dæmdir frá 5. maí 2005.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 700.000 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu stefnanda.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Ístak hf., greiði stefnanda, Pétri Kristni Péturssyni, 5.882.099 krónur, auk 4,5% ársvaxta af 850.200 krónum frá 2. apríl 2002 til 2. ágúst 2002, en af 5.882.099 krónum, frá þeim degi til 5. maí 2005, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefndi greiði stefnanda 700.000 krónur í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Hervör Þorvaldsdóttir

